



HESTAVÖRUR

ÞRIÐJUDAGUR 15. FEBRÚAR 2011

Fjölbreyttur fatnaður fyrir íslenska reiðmenn

Verslunin Top Reiter býður upp á gott og fjölbreytt úrval af reiðfatnaði og fylgihlutum. „Við erum til að mynda með okkar eigin fatnað, þar ber fyrst að nefna Top Reiter-reiðbuxurnar sem hafa notið mikilla vinsælda undanfarin ár enda ákaflega vönduð vara en einnig framleiðir Top Reiter kuldagalla, peysur og ýmislegt fleira,“ segir Alda Jóna Nóadóttir, einn eigenda verslunarinnar.

Að hennar sögn eru líka seldar í búðinni hágæða yfirhafnir fyrir bæði dómur og herra frá þýska fyrirtækinu Wellensteyn. „Við höfum verið með þetta merki frá því að við opnuðum árið 2007 og því komin með góða reynslu af því.

Viðskiptavinir okkar hafa tekið þessum fatnaði mjög vel enda fyrst og fremst bæði vandað og flott tískumerki sem er selt við góðan orðstír víða um heim.

Fleira fatakyns er í búðinni sem nýtist hestamönnum vel, til dæmis hjálmur, skór og hanskar, þar á meðal hanskar frá þýska fyrirtækinu Roeckl, sem Alda segir eftirsóttá meðal íslenskra hestamanna.

Þá eru fleiri vöruflokkar á boðstólum, hnakkur, reiðtygi, fóður og snyrtivörur. Alda hvetur hestamenn til að kíkja í heimsókn, en verslunin Top Reiter kappkostar að bjóða bjóða faglega og persónulega þjónustu í fallettu umhverfi.



Vel er tekið á móti hestamönnum í Top Reiter.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



www.topreiter.is

IQ
TOP REITER



Alda Jóna Nóadóttir og Óli Óskar Herbertsson í húsakynnum fyrirtækisins að Ögurhvarfi 2.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Alveg einstakt verkfæri

Top Reiter á Íslandi hefur sett á markað nýjan hnakk, IQ, sem verslunareigandinn Ásgeir Svan Herbertsson segir taka öðrum fram í gæðum og virkni.

Verslunin Top Reiter í Ögurhvarfi hefur frá opnun 2007 boðið upp á flest allt sem þarf til hestamennskunnar. Um þessar mundir er Top Reiter að setja á markað hnakk sem er „tæknilegt meistaraverk“, að sögn Ásgeirs Svans Herbertssonar, eins eiganda Top Reiter.

„Hnakkurinn kallast IQ og er engum öðrum líkur af þeim sem við höfum áður framleitt, en við höfum sent frá okkur ýmsar vandaðar gerðir hnakka undanfarin ár. IQ hnakkurinn er fisléttur og

ofurnæmur, bæði eftirgefanlegur og fjaðrandi. Hann liggur vel á nánast hvaða hesti sem er og er því eðlilegur hluti af samspili manns og hests. Ég geng svo langt að leyfa mér að segja að hann opni nýjar víddir í því samspili,“ segir hann.

Hnakkurinn hefur verið fjögur ár í þróun og þar af fór umtalsverður tími í að hanna virkið.

„Við ákváðum að endurhugsa framleiðsluferlið á virkinu. Yfirleitt er virkið járnabundið eftir á en við það getur hnakkurinn skekkst. Við náðum aftur á móti að setja járnabindinguna inn í virkið. Útkoman er alveg einstakt virki, sem er nauðsynleg undirstaða að vönduðum hnakki,“ segir Ásgeir. En þess má geta að virkið hefur verið prófað í fleiri tegundum af Top Reiter-hnökkum síðast-

liðið ár með afar góðum árangri. „Þess má jafnframt geta að þessi hönnun á virki þótti fela í sér það mikla nýsköpun og var það flókin að Evrópusambandið sá sérstaka ástæðu til að styrkja okkur í lokin á þróunarferlinu,“ bendir hann á og bætir við að hnakkurinn sé líka mjög flottur í útliti og fáist í tveimur útgáfum.

„Þetta er sá hnakkur sem við erum hvað stoltust af. Með honum teljum við okkur hafa framleitt hnakk, einstakt verkfæri, sem ætti að höfða til flestra hestamanna,“ útskýrir Ásgeir og segir sjón vera sögu ríkari.

Top Reiter á Íslandi heldur úti heimasíðunni www.topreiter.is, þar er meðal annars að finna upplýsingar um fyrirtækið og vörur þess.

Eilíft yrkisefni listamanna

Hestar hafa verið mönnum yrkisefni frá ómunatíð, allt frá því að vera frjósemistákn og verndarar skáldskapar í boðbera dauðans, stundum í aukahlutverki og annars staðar aðalpersónur í sögum og seinna kvikmyndum. Efirfarandi eru nokkur dæmi hins síðarnefnda.



farþegar á ferst. Þar læra þeir að treysta hvor öðrum og tengjast ævivarandi tryggðarböndum. Nokkrar sögur um Svarta föllann og afkvæmi hans fylgdu og

fjölmargar kvikmyndir hafa verið gerðar eftir bókaflokknum, einna þekktust kvikmyndaðlögum á þeirri fyrstu frá 1979.

Sagan um Seabiscuit (The Story of Seabiscuit) byggir á sannsögulegum atburðum, fjallar um hálfblindan knapa sem kemst yfir hest sem virðist í fyrstu ólíklegur til afreka en verður loks einn



fremsti veðhlaupahestur Bandaríkjaanna, þegar kreppan var í hámarki. Tvisvar hefur verið gerð kvik-

mynd um hestinn Seabiscuit, fyrst árið 1949 og síðar 2003 með Jeff Bridges og Tobey Maguire í aðalhlutverkum og fyrrnefnd bók þá höfð til hliðsjónar.

Sagan um Fagra Blakk er sjálfsgagt ein sú þekktasta og vinsælasta. Hún byggir á endurminningum samnefnds hests, allt frá fyrstu árunum á fyrirmyndarböndabæ og fram undir ævilokin í sveitasælu. Þess á milli er hann seldur milli bæja og upplifir til skiptis góðmennsku og harðræði. Bókin kom fyrst út árið 1877, nokkrum mánuðum áður en höfundurinn Anna Sewell lést eftir langvarandi veikindi. Síðan þá hefur sagan komið út í talsvert styttri útgáfu og nokkrar aðlaganir á henni hafa ratað á hvíta tjaldið.

Annar svartur hestur og ekki síður frægur er Svarti folinn eða The Black Stallion í metsölubók Walters Farley frá árinu 1941. Hún segir af arabískum gæðingi og drengnum Alec Ramsay sem verða strandaglópar á eyðieyju eftir að skip sem þeir voru



Framleiðsla Fengs er um tvö tonn af spóni á klukkustund.

MYND/ÚR EINKASAFNI

Sóttthreinsandi íslenskur spónn

Vefsíðan sponn.is er orðin þekkt meðal hestamanna en fyrirtækið Fengur hefur getið sér gott orð með innlendra framleiðslu á spóni, undirlagi í hesthús og rekur spónaverksmiðju í Hveragerði.

„Við höfum verið í stöðugri sókn frá því að Fengur var stofnaður árið 2009 og þar hefur haft mest að segja að góð vara spyrst út,“ segir Sigurður Halldórsson, stofnandi og eigandi Spóns.

Hestamenn þekka flestir Feng undir nafninu Spónn en á vefsíðunni sponn.is má finna allar upplýsingar um spóninn, framleiðslu hans sem og fyrirtækið.

„Það var mestmegnis innfluttur spónn sem stóð hestamönnum til boða áður en við höfum framleiðslu okkar. Við fórum upphaflega að skoða þann möguleika þegar ljóst var hve mikið sá útgjaldaliður hestamennskunnar hafði hækkað,“ segir Sigurður. „Við skoðuðum hvort hægt væri að nota það timbur sem féll til í landinu og framleiða spón sem stæðist hæstu gæðakröfur en væri jafnframt ódýr. Vörubretti og afsagað hreint timbur stóðu þar til boða en þar til að við höfum endurvinnslu á hráefninu hafði timbrið verið urðað þar sem

ekki hafði fundist farvegur til að nýta það.“

Fengur framleiðir nú bæði bundinn timburspón og spónaköggla og framleiðslan nemur um tveimur tonnum á klukkutíma en íslenski spóninn er kominn inn í flest stærstu hestabúin á Suðurlandi. Spóninn er einnig farinn að sjást í kjúklinga- og svínabúum.

„Það má segja að spóninn hafi slegið í gegn. Varan hefur verið þróuð talsvert frá því að við höfum framleiðslu, þannig er hún nú rykhreinsuð, þannig að spóninn ertir ekki öndunarfæri dýranna. Einnig eru sóttthreinsandi efni í spóninum sem heldur stíunum sóttthreinsuðum.“ Áhersla er lögð á að nota vistvæna orkugjafa til framleiðslunnar þar sem jarðgufan í Hveragerði nýtist vel til verksins.

„Það má segja að þessi framleiðsla sé þannig bæði uppbyggileg fyrir þjóðarbúið og umhverfið. Við höfum náð að byggja upp nokkur störf í kringum reksturinn og við hvetjum fólk til að prófa vöruna sem hefur fengið meðmæli þeirra sem nota hana.“



www.meiraprof.is

Farðu ekki án réttinda á vinnuvélar til Evrópu, vertu klár í allt, heima sem erlendis

Skjót leið til starfsmenntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni meiraprof.is eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

Skapaðu þér þitt eigið góðæri

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappir og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum. Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólk sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki eftir á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra (og öllum vegfarendum) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf fyrir dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt. Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Biðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRDUM 11 (et-húsinu) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



● **ÚR ORÐA-BÓKINI** Mörg orð eru til í íslensku yfir hest svo sem: jór, dröslull, fararskjóti, fákur, foli, gandur, gangvari, klár og mar.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmaður auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson
benediktj@frettabladid.is s. 512 5411



Guðrún Katrín með hestinn sinn Leikni og litlu tíkina Líf.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lífland með puttann á púlsinum

Lífland rekur verslanir á Lynghálsi í Reykjavík og á Lónsbakka á Akureyri. Guðrún Katrín Jóhannsdóttir, innkaupafulltrúi og vörustjóri, sér um að uppfylla óskir viðskiptavina með úrvali vara sem tengjast hestamennsku og útivist.

Gæðafatnaður frá Mountain Horse er Guðrúnu Katrínu Jóhannsdóttur ofarlega í huga þegar forvitnast er um vörur Líflands fyrir hestafólk. Mountain Horse er sænskt fyrirtæki sem Guðrún segir fylgjast vel með tískunni og sjá til þess að Íslendingar fái fót við sitt hæfi hvað varðar stærðir, snið og liti. „Íslendingar eru mikið fyrir svart og aðra dökka liti. Konurnar fást reyndar aðeins til að fara í rautt og grænt en gegnugsneitt vilja allir fremur dökka og dempaða liti.“

Stærðirnar passa líka íslensku þjóðinni að sögn Guðrúnar. „Í Evrópu eru það einkum konur sem velja hestamennsku sem áhugamál en hér heima eru það allt frá fermingarstelpum upp í 100 kílóa karla og þarna er Mountain Horse með puttann á púlsinum.“ Hún segir fyrirtækið framleiða buxur, undirföt, hanska, húfur og trefla að ógleymdum yfirhöfnum með klaufum að aftan svo hægt sé að víkka þær. „Klaufirnar eru það sem gerir úlpur að reiðúlpum en þeim er lokað annað hvort með rennilás eða smellum,“ lýsir hún. „Annars



Hrímnir Pro er íslensk hönnun. Hann er vinsæll hnakkur í allri Evrópu.

Óðinn er framleiddur fyrir Lífland. Léttur og meðfærilegur.

UVEX Active hjálmur.

er þessi hestafatnaður algerlega sambærilegur við útivistarfatnað í öðrum íþróttavöruslunum en oft á tíðum á betra verði.“

Mountain Horse er líka með mikið úrval af skóm og reiðstígvélum, að sögn Guðrúnar sem kveðst vera að flytja inn Mountain Horse-

skófatnað í auknum mæli. Þó fáir noti reiðstígvél dags daglega segir hún einkum konur farnar að líta til þess að eiga falleg reiðstígvél til að keppa í.

Næst kynnir Guðrún til sögunnar hjálma frá þýska fyrirtækinu UVEX. „Á heimsmeistaramótum

á skíðum eða vetrarólympíuleikum er stór hluti keppenda með UVEX-hjálma en reiðhjálmar eru nýir á markaði hér og fást bara hjá okkur,“ tekur hún fram og er ekki í vafa um að Íslendingar kunni að meta þá ekki síður en CASCO-hjálmana sem fyrir séu.

„Nýja línan í UVEX-hjálmunum er mjög litaglöd en við munum stíga varlega niður þar, þekkjum okkar markað,“ segir hún glaðlega en tekur fram að ef fólk sjái CASCO-eða UVEX-hjálma á netinu sem það langi í þá sérpanti hún þá. Sama sé að segja um reiðstígvélina og annan fatnað frá Mountain Horse.

Þá er komið að hnökkunum Óðni og Hrímnir sem framleiddir eru hvor í sinni heimsálfu, Óðinn í Asíu, Hrímnir í Suður-Ameríku.

„Óðinn er framleiddur fyrir Lífland og hefur verið mjög vinsæll, sérstaklega af yngri kynslóðinni enda er hann léttur og auðveldur í meðhöndlun,“ segir Guðrún og tekur fram að ný og endurbætt týpa sé komin af Óðni. „Við erum búin að lengja undirdýrnarnar og bæta aðeins við púðum til að gera ásetuna þægilegri en erum með sama virkið og sama sætið,“ segir hún og spáir því að hinn nýi Óðinn verði vinsæl fermingargjöf.

Hnakkurinn Hrímnir hefur verið framleiddur lengi og er að keppa við það flottasta á markaðnum að sögn Guðrúnar. „Hver og einn getur skipt um járn í hnakknefinu með nokkrum handtökum, þannig að hægt er að víkka hnakkinn og þrengja, eftir vaxtarlagi hestanna og holdafari,“ segir hún og bætir svo við. „Hrímnir er til dæmis vinsæll hnakkur hjá útreiðarfólki jafnt og keppnisköpum úti um alla Evrópu.“



Gott samband milli hestsins og knapans er með því mikilvægara í hestamennsku.

Leiðtogi og vinur hestsins

Vant hestafólk er flest meðvitað um hvernig umgangast skal hross en til að öryggi bæði knapa og skepnunnar sé tryggt þarf hestafólk meðal annars að gera sér grein fyrir hvernig hestar geta brugðist við í mismunandi aðstæðum.

Fyrir þá sem eru að byrja í hestamennsku eða vilja skerpa á öryggisatriðum er mikið lestrar efni að finna á til að mynda heimasíðum tryggingafélaga. Eitt það mikilvægasta sem knapinn þarf að huga að er að láta hestinn finna að að hann getur treyst honum. Þannig þarf maðurinn að vera leiðtogi hestsins og vinur hans og ávinna sér virðingu hestsins. -jma



Kappreiðar hafa löngum verið vinsælar.

Kappreiðar lengi tíðkast

Kappreiðar hafa tíðkast öldum saman. Talið er að maðurinn hafi byrjað að temja hestinn á 4. til 3. öld fyrir Krist og nota hann til margra hluta. Um 2700 f. K. komu kerruakstur, kappreiðar og ýmsir leikir til sögu. Kerruakstur náði miklum vinsældum hjá Forn-Grikkjum og Rómverjum og í honum var keppt allt fram á 4. öld. Kappreiðar voru teknar upp á Ólympíuleikunum 680 f. Kr.

Fyrsta kennslubók í tamningu og ræktun hesta var rituð á 14. öld fyrir Krist og Xenophon ritaði bókina Um reiðlistina (Hippike) um 400 f. Krist. Hann er talinn upphafsmaður reiðlistarinnar. Eftir 1500 hófst á Ítalíu nýtt skeið í tamningu hesta en kappreiðar eins og þær þekkjast nú á tímum eru upprunnar á Englandi á 17. öld. Alþjóðasambandið (FEI) var stofnað 1921. Það stendur að HM og EM. Á Ólympíuleikum hefur verið keppt í hestaþróttum frá 1912.

Heimild: museum.is

● **AKS DEILDIN AÐ BYRJA** Fyrsta mótið af fjórum í meistaradeild Norðurlands, KS-deildinni, verður annað kvöld í Svaðastaðahöllinni. Þá verður keppt í fjórgangi. Átján knapar af Norðurlandi keppa þar á eigin hestum og annarra. „Þetta er fjórða árið sem við erum með þessa deild,“ segir Eyþór Jónasson, framkvæmdastjóri reiðhallarinnar Svaðastaða, og lýsir fyrirkomulaginu: „Á hverju ári keppa 18 manns og þeir 12 sem eru efstir að stigum eftir öll fjögur mót vetrarins ávinna sér þátttökurétt næsta ár en þeir sex neðstu falla. Við höldum alltaf úrtökumót í janúar áður en við byrjum tímabilið, öllum er frjálst að reyna og þá bætast sex við.“

Eyþór segir hálfan mánuð liða milli móta. Greinarnar sem keppt verði í fyrir utan fjórganginn eru fimmgangur, tölt, smali og skeið, tvær þær síðastnefndu verði sama kvöldið. Einn stór styrktaraðili er bak við mótið, Kaupfélag Skagfirðinga og Eyþór segir keppt þar um háar upphæðir.



Sigurveggar síðasta árs voru knaparnir Þórarinn Eymundsson, Bjarni Jónasson og Ólafur Magnússon.

MYND/SVEINN BRYNJAR



**20%
afsláttur**

Ný orkulind fyrir þreytta Íslendinga... Énaxin orkukúrinn

Þekkir þú tilfinninguna að vera þreytt(ur) á óheppilegum augnablikum? ÉNAXIN hjálpar þúsundum manna hvern dag að losna við þreytu, leiða og orkuleysi.

ÉNAXIN er náttúrulegt efni unnið úr öflugum og heilnæmum jurtakjörnum sem gefur þér orku og kraft strax. Mjög áhrifarík mixtúra og töflur saman í pakka sem virka frá fyrsta degi? Prófaðu ÉNAXIN strax í dag.

ÉNAXIN startpakinn er einfaldur 35 daga orkukúr sem inniheldur bæði töflur og orku mixtúru.

Upplagt fyrir þá sem vilja prófa og sannfærast

ÉNAXIN
ORKA & KRAFTUR ÚR NÁTTÚRUNNI

Við bjóðum **20% afslátt** af ÉNAXIN startpakka frá 10 - 28 febrúar (meðan birgðir endast)

Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna



Innflutningsaðili: Gengur vel ehf